

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Reykjavík 14. desember 2018
UST201511-182/F.T.
08.12.02

Efni: Lok eftirfylgni – Vestfirðingur (nú Arctic Sea Farm) Önundarfirði


Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 10. ágúst 2016 þar sem rekstraraðila var veitt áminning vegna tveggja frávika sem skráð voru í eftirliti hjá starfsseminni í Önundarfirði.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Þágildandi 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Starfsemin var án gilds starfsleyfis. Þann 28. nóvember sl. benti rekstraraðili stofnuninni á að mistök hafi orðið við skráningu fráviksins. Eftirlitið hafi farið fram á þeirri staðsetningu í Önundarfirðinum sem rekstraraðili sé með gilt starfsleyfi fyrir. Við nánari skoðun kom í ljós að athugasemdir rekstraraðila reyndust réttar. Frávikkið var því ranglega skráð og lítur stofnunin svo á að því sé lokið.
2. **Starfsleyfi.** Starfsemin var ekki í samræmi við það starfsleyfi sem rann út 13. desember 2014, að því leyti að það var gefið út fyrir 200 tonn af laxi en rekstraraðili ól regnbogasilung og bleikju í stöðinni. Rekstraraðili telur seinna frávikkið ekki eiga við þar sem leyfið sé enn í gildi og gildi fyrir regnbogasilung. Rekstrarleyfi MAST gildir fyrir regnbogasilung og bleikju. Starfsleyfi Umhverfisstofnunar gildir hins vegar aðeins fyrir regnbogasilung. Var því um frávik frá starfsleyfi að ræða. Í eftirliti dags. 22. júní 2017 var staðfest aðengin starfsemi væri í gangi á svæðinu og engar kvíar frá rekstraraðili væru í sjó. Stofnunin lítur svo á að frávikinu sé lokið.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun, dags. 21. september sl., er rekstraraðilinn Arctic Sea Farm ekki með fisk í sjó í Önundarfirði. Rekstraraðili er með tvö gild rekstrarleyfi frá MAST í Önundarfirði, en einungis eitt gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun minnir á að ætli rekstraraðili sér að hefja rekstur í Önundarfirði að nýju ber honum að tilkynna stofnuninni fyrirhugaða útsetningu seiða og minnt er á að einungis er heimilt að ala regnbogasilung skv. gildandi starfsleyfi.


Umhverfisstofnun vekur athygli á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur